

- e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa sveitarfélagsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um sveitarfélagið fara, til óþæginda.
- f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrir mælum, sem heilbrigðisnefnd setur, og leggja fram heilbrigðisvottorð vegna hundsins á lögregluvarðstofunni fyrir 1. júlí ár hvert.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Hreppsnefnd er heimilt, hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Þórshafnarhrepps staðfestist hér með stinkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júní 1975.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Þórunn Klemenzdóttir.

AUGLÝSING

um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið hinn 19. júní 1975 veitt Flugfélagi Norðurlands h. f., Akureyri sérleyfi til áætlunarflugs til flutninga á farþegum, pósti og vörum, á tímabilinu 19. júní 1975 til 31. desember 1978, á eftirgreindum flugleiðum:

Akureyri — Sauðárkrókur — Blönduós — Akureyri.

Akureyri — Siglufjörður — Akureyri.

Akureyri — Grímsey — Akureyri.

Akureyri — Kópasker — Akureyri.

Akureyri — Vopnafjörður — Akureyri.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á framangreindum flugleiðum en jafnframt skylda til að halda þar uppi áætlunarferðum eftir því sem flutningaþörf krefur að mati ráðuneytisins.

Samgönguráðuneytið, 19. júní 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Ólafur S. Valdimarsson.